

## 11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Stóru-Mástungu í Gnúpverjahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1967.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

10. febrúar 1967.

Nr. 21.

## REGLUGERÐ

### um vernd barna og ungmenna í Búðardalskaupþúni.

#### 1. gr.

Í Búðardalskaupþúni er börnum yngri en 12 ára óheimilt að vera á almannafæri eftir kl. 20 á tímabilinu frá 1. október til 1. maí. Unglingar frá 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22 frá 1. október til 1. maí. Frá 1. maí til 1. október mega börn og unglíngar innan 14 ára ekki vera á almannafæri eftir kl. 23 nema í fylgd með fullorðnum.

Einnig er ofangreindum aldursflokkum æskufólks óheimill aðgangur að kvöld-sýningum kvikmyndahúsa og öðrum skemmtunum nema á ofangreindum útivistar-tímum eða í fylgd foreldra eða annarra ábyrgra aðila.

#### 2. gr.

Börnum innan 12 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum veitingastof-um, ís-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 20 að kvöldi nema í fylgd foreldra eða forráðamanna. Eigendum og umsjónarmönnum slíkra staða ber að sjá um, að börn fáí þar eigi óheimilan aðgang.

#### 3. gr.

Börnum og unglíngum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að opinberum dansleikjum öðrum en innanfélagsdansleikjum æskulýðsfélaga og æskulýðsnefnda, svo og dansleikjum skólafélaga.

#### 4. gr.

Foreldrum og forráðamönnum barna ber að sjá um, að ofangreindum ákvæðum sé hlýtt.

#### 5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 10. febrúar 1967.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Knútur Hallsson.*